



Fjórði stjórnarfundur landsstjórnar DKG 2025-2027 var haldinn á Teams mánudaginn 29. september kl. 17:00 - 18:00

Mættar voru: Hrund Logadóttir landsforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti, Hólmfríður Jennýjar- Árnadóttir 2. varaforseti og Ingileif Ástvaldsdóttir ritari. Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi, Árný Elíasdóttir, fráfarandi forseti og Lee Ann Maginnis gjaldkeri boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundur Evrópuforseta 4. september sl.
2. Þýðing framkvæmdaáætlunar á ensku.
3. Fastanefndirnar og tengiliðir við þær.
4. Auglýst eftir efni í Euforia nettímarit EvrópuForum
5. Erindi til forseta Íslands
6. Önnur mál
 - a. fréttir frá menntamálanefnd
 - b. skoða saman skjalið úr umræðuhópunum
 - c. vefurinn og brýning til formanna deilda og facebook-síðuna
 - d. glærur Hólmfríðar frá framkvæmdaráðsfundi

Fundargerð:

1. Fundur Evrópuforseta 4. september sl.

Forseti greindi frá því að í hverjum mánuði eru haldnir fundir á vegum forseta Evrópu Forum, Marie Antoinette. Þann fundi sitja allir forsetar samtakanna í Evrópu.

Á fundinum þann 4. sept. sagði Hrund frá því sem hefur verið um að vera í samtökunum hér á landi á liðnu hausti. Á fundinum kom fram að í hinum löndunum hafði vetrarstarfið ekki hafist þegar fundurinn var haldinn. Á þessum fundi var líka rætt um viðburði alþjóðasamtakanna sl. sumar. Á fundinum kom fram að almenn ánægja er með þá viðburði.

Á fundinum kom fram hugmynd um að halda sameiginlegan fund evrópsku félaganna með félögum í Japan og Kanada. Forseti sagði að af fundargerðinni er ekki ljóst hverjum félaganna ætlað að vera með á þeim fundi. Það mun sennilega koma í ljós á næsta fundi sem verður haldinn þann 21. október. Á fundinum var einnig rætt um næstu Evrópuráðstefnu DKG og hinn árlega Lúsíu-fund. Vangaveltur voru um þemað fyrir þann fund.
2. Þýðing framkvæmdaáætlunar á ensku.

Ingileif falið að leggja fram á næsta fundi stjórnar þýðingu sem unnin er með hjálp mállíkans.
3. Fastanefndirnar og tengiliðir við þær

Stjórn skipti með sér að vera tengiliðir við fastanefndir deildarinnar: Hólmfríður er í menntamálanefnd og verður því tengiliður stjórnar við þá nefnd. Hið sama á við um

Sigríði Heiðu í félag- og útbreiðslunefnd. Hrund tók að sér að vera tengiliður við laganefnd, Ingileif við samskipta- og útgáfunefnd og Vilborg Ása við námsstyrkjanefnd. Tengiliðum er ætlað fá upplýsingar frá nefndunum einu sinni í mánuði fyrir stjórnarfundi.

4. Auglýst eftir efni í Euforia nettímarit Evrópu Forum

Forseti hefur fengið bréf þar sem óskað er eftir efni í nettímarit samtakanna Evrópu Forum. Hrund áformar að senda til formannanna beiðni um efni þegar ljóst er hvenær fresturinn til að skila inn efni rennur út. Ákveðið að setja þessa beiðni inn á Facebook síðu samtakanna.

5. Erindi til forseta Íslands

Fyrir afmælisþing samtakanna síðastliðið vor sendu samtökin erindi til forseta Íslands þar sem Höllu Tómasdóttur forseta Íslands er boðið að vera heiðursfélagi í samtökunum. Á þeim tíma hafði Halla ekki tök á að taka þátt í ráðstefnunni. Í tilefni af 50 ára afmæli Alfa deildar áformar deildin að halda hátíðarfund þann 7. nóvember n.k. Formaður deildarinnar Málfríður Þórarinsdóttir og Hrund forseti samtakanna hafa sent skrifstofu forseta boð um að mæta á þann fund og veita nafnbótinni sem heiðursfélagi Delta Kappa Gamma viðtöku. Beðið er svars frá skrifstofu forseta.

6. Önnur mál

- a. Menntamálanefnd hefur haldið einn fund. Hugmynd um að halda kynningu og vinnustofu með Louise Evans þann 20. mars. Sjá lið 9 í [fundargerð framkvæmdaráðs](#) þann 30. ágúst sl. Kostnaður mun verða í samræmi við það sem verður á dagskrá. Sem stendur liggur ekki fyrir hver kostnaður vegna vinnustofunnar verður en ljóst er að samtökin munu að minnsta kosti greiða fyrir flug og gistingu Louise Evans. Áformað er að hafa vinnustofuna opna fyrir alla ekki einungis fyrir félagskonur DKG. Umræður um heppilega tímasetningu fyrir vinnustofur af þessu tagi svo hún gagnist sem flestum.
- b. Að rýna niðurstöður úr hópastarfinu frá fundi framkvæmdaráðs frá 30. ágúst var frestað til næsta fundar stjórnar.
- c. Ritari rifjaði upp umræðu um hvernig vefur samtakanna getur verið liður í að ná markmiðinu um fjölgun félaga með fréttaflutningi af starfi deilda. Samþykkt að fá vefstjóra samtakanna Eygló Björnsdóttur á næsta fund til að ræða og gefa ráð varðandi útfærslur.
- d. Hólmfríður og Hrund hafa fengið fyrirspurnir um hvar glærur Hólmfríðar væru aðgengilega formönnum deildanna. Ritari upplýsti um að það væri hlekkur á þær inni á [fundargerð framkvæmdaráðs](#) frá 30. ágúst. á vefsíðu samtakanna. Einnig samþykkt að forseti sendi glærurnar sem viðhengi í tölvupósti til formanna deilda auk þess að óska eftir því við vefstjóra að þær fái sérstakan hlekk undir fundargerð fundar framkvæmdaráðs 30. ágúst.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 18:00

Næsti fundur verður á Teams 20. október kl. 16:00.

Fundargerð skráði *Ingileif Ástvaldsdóttir*, ritari stjórnar 2025-2027